

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1970.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1970.

.....

I. Veðurfar ársins.

Í janúar var tíðarfarirð fremur óhagstætt, fyrstu tíu daga mánaðarins, norðlæg átt, aðallega n.-vestlæg. Þarð var erfið á köflum. Síðan snerist til suð-austlægrar áttar er hélzt að mestu út mánuðinn og var tíð mild.

Jarðlaust var fyrir sauðfé. Meðalsnjódýpt var 40 cm, mest 65 cm.

Hámark hita mældist 8.6 stig 21. jan. en lágmark -26.8 þann 9. og -26.8 á lágsm. við jörð s. dag.

Í febrúar var tíðarfarirð óhagstætt, talsverður snjór og mikil frost. Jarðlaust. Átt var breytileg. Meðalsnjódýpt var 61 cm, mest 70 cm.

Hámark hita mældist 7.8 stig 28. og lágmark -17.6 stig þann 15. og -20.6 stig á lágsm. við jörð sama dag.

Í marz var tíðarfarirð óhagstætt, óstillt veður og breytileg átt. Norðlæg átt var áberandi, einkum n.-vestlæg. Jarðlaust fyrir sauðfé. Meðalsnjódýpt var 70 cm, mest 90 cm.

Hámark hita mældist 6.6 stig þann 15., en lágmark -17.8 stig 31. og -21.9 stig á lágmarks. við jörð s. d.

Í apríl var tíðarfarirð einnig óhagstætt, mikill snjór og jarðlaust. Átt var breytileg, suð-austlæg átt þó tíðust að tiltölu. Veður var stillt og úrkomulítið. Meðalsnjódýpt var 58 cm, mest 78 cm.

Hámark hita mældist 8.6 stig þann 29., lágmark -11.3 stig þann 10. og -14.4 stig á lágsm. við jörð sama dag.

Í maí var tíðarfarirð óhagstætt og fór gróðri hægt fram. Átt var breytileg. Mestasnjóðýpt var 36 cm, úrkomulítið.

Hámark hita mældist 15.1 stig þann 11, en lágmark -3.2 stig í málaskýli þann 3. og -4.6 stig á lágmarks-máli við jörð s. dag.

Í júní var tíðarfarið hagstætt, hlýtt og hiti yfir meðallag. Þó var of þurrt fyrir allan gróður nema þá helzt trjágróður, sem náði góðum þroska. Gerði tíðarfarið í júní það að verkum, ásamt góðu sumri 1969, að vöxtur á trjágróðri varð í góðu meðallagi. Sprettu á túnnum var lítil og kal mikið í flestum hveitum sýslunnar. Skógurinn var að mestu allaufgaður 10. júní og lérki algrænt þann 6. Suðlæg átt var lang tíðust í mánuðinum.

Hámark hita mældist 21.9 stig þann 20., en lágmark -2.5 stig í mælaskýli og -5.1 stig á lágmarks-mæli við jörð 5. júní.

Frost mældist tvisvar í mælaskýli, en fimm sinnum á lágmarksmæli við jörð. í mánuðinum.

Í júlí var tíðarfarið óhagstætt, afar kalt og sprettu-lítið. Var sláttur almennt rétt hafinn í lok mánaðarins. Norðlæg átt ríkti í mánuðinum.

Hámark hita mældist 19.0 stig þann 26., en lágmark -1.9 stig í mælaskýli og -3.9 stig á lágmarks.m. við jörð þann 23.

Frost mældist einnu sinni í mælaskýli og sex sinnum á lágmarksmæli við jörð í mánuðinum.

Ágúst var kaldur og úrkomusamur. Norðanátt var tíðust að tiltölu, frekar kyrr veður. Daga 16. - 26. var yfirleitt suðlæg eða suðaustlæg átt og náðu þá bændur miklu af heyjum. Má segja að þessi kafli hafi bjargað mestu hvað bændur snerti með heyfeng og verkun, sem varð eftir vonum. Þann 12. ágúst hvítnaði niður í miðjar hlíðar.

Hámark hita mældist 20.9 stig þann 20., en lágmark -2.5 stig í mælaskýli og -5.0 stig á lágmarksmæli við jörð. Frost mældist einu sinni/og fjórum sinnum á lág- í mælask/marksmæli við jörð.

Í september var norðlæg átt og kalt fram til 15. en síðan aðallega suðlæg átt og hlýtt og gott tíðarfarið. Skógurinn byrjaði að sölna í byrjun mánaðarins, var orðinn alveg gulur yfir að líta þann 20. og lauffall byrjað. Ófaranótt 26. féll laufið af mestu af skóginum. Litafegurð skógarins var með mesta móti á þessu hausti endra frost talsverð í ágúst og september.

Hámark hita mældist 24. og 26. sept. 14.7 stig, lágmark - 7.2 stig þann 16. í mælaskýli-og -7.0 stig á lágmarksm. við jörð.

Í október var breytileg átt, en þó einkum suðlæg. Heldu var kalt, en hlýindakafnar komu þó á milli. Snjór mældist á jörð í 12 daga, mest 20. cm.

Hámark hita mældist 12.5 stig þann 16. og lágmark - 16.7 stig í mælaskýli og -19.8 stig á lágmarksm. við jörð þann 27.

Í nóvember var breytileg átt, en þó einkum austlæg. Snjór var á jörðu allan mánuðinn, meðalsnjóædypt 25 cm., mest 40 cm. Frost voru ekki hörð.

Hámark hita mældist 10.1 stig 26. nóv. Lágmark mældist -17.5 stig í mælaskýli og -22.4 stig á lágmarksmáli við jörð 2. nóvember.

Í desember var breytileg átt, en suðlæg átt var þó einna tíðust að tiltölu. Snjólítið og frost með minna móti. Meðalsnjósýpt var um 14 cm., mest 45 cm.

Hámark hita mældist 10.5 stig þann 10. Lágmark mældist -17.8 stig í mælaskýli þann 20.

Hita-og úrkomumælingar á Vöglum árið 1970.

	Vik frá Meðall.	Meðalhiti $^{\circ}$	Úrkoma mm.
Janúar	- 0.1	- 3.1 (-4.6)	77.1 (109.2)
Febrúar	- 3.1	- 6.2 (-7.9)	58.6 (57.2)
Marz	- 4.0	- 5.9 (-5.5)	96.0 (41.5)
Apríl	- 1.1	- 1.0 (-0.9)	20.7 (18.9)
Mai	- 0.8	4.3 (4.1)	16.1 (4.1)
Júní	1.8	10.5 (10.0)	9.1 (35.3)
Júlí	- 3.1	7.0 (9.3)	55.0 (66.4)
Ágúst	- 0.5	8.8 (11.0)	46.2 (48.1)
September	- 2.0	4.4 (4.5)	53.2 (47.2)
Oktober	- 1.3	0.7 (1.7)	84.0 (85.8)
Nóvember	- 2.8	- 3.2 (-5.0)	96.3 (99.8)
Desember	1.6	- 1.7 (-3.2)	72.2 (33.0)
Árið	- 1.3	1.2 ((1.1))	685.0

Tölurnar í svignum gefa til kynna hita og úrkomu ársins 1969.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

a. Laufgun og lauffall.

Brum á birki byrjaði að þrútna um 18. maí, einnig var brum á lerkki farið að þrútna og grænka.

Skógurinn fór að litkast 6. júní. Þá var lerkki fráx Altai og Arkangelsk að verða grænt, það síðarnefnda þó ívið grænna. Lerkkið á Dælarhúsum og Alaska-lerkkið fylgir birkinu með laufgun. Skógurinn var að mestu allaufgaður 10. júní.

Í lok ágúst byrjaði skógurinn að gulna og 20. sept. var laufið orðið alveg gult og lauffall að byrja. Aðfaranótt 26. september féll laufið að mestu af skóginum. Litafergurð skógarins var með mesta móti í haust.

b. Vöxtur.

Vöxtur var heldur góður á öllum tþfáttegundunum og má vafalaust þakka það góðum júní mánaði og hagstaðu sumri 1969. Júní var 1.8 stigum ofan við meðallag, júlí hinsvegar -3.1 stigi neðan við meðallag og ágúst -0.5 stigum.

Þó úrkoma væri mjög lítið í júní, aðeins 9.1 mm og allan gróður skorti mjög raka, virðist úrkoma vetrarins hafa notast betur í skóglendunum en annarsstaðar, þar sem lítið frost var þar í jörðu.

c. Fræfall.

Fræfall á birki var lítið og var ekki safnað fræi að sinni, enda virtist það litla sem var illa þroskað.

d. Skaðar á trjám.

Skaðar á tþfágróðri voru engir umtalsverðir. Þó virðist lús vera á stafafurðinni hér í skóginum, án þess þó að hún hafi valdið neinu teljandi tjóni enn sem komið er.

Í Þórðarstaðaskógi féll snjóflóð yfir svonefnda snjótungu á um 3 ha. svæði og braut og sligaði flest tré, niður undir veg. Annars var skógurinn ekki brotinn eða sligaður umfram það sem teljast má eðlilegt.

3. STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinna er ekki talin með í vinnustundafjölda.

Starfsfólk Skógræktar ríkksins, Vöglum, árið 1970.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>	<u>Ákvæðisv.kr.</u>
Janúar	1	176	15.428.00	
Febrúar	1	176	15.428.00	
Marz	1	176	15.681.00	
Apríl	1	110	9.411.00	
Maj	11	698	67.664.00	
Júní	25	3.089	248.855.40	46.377.60
Júlí	18	2.019	188.847.10	
Ágúst	12	1.210	105.103.60	
September	8	839	71.202.50	
Október	7	532	51.932.70	
Nóvember	3	139	13.315.50	
Desember	<u>3</u>	<u>255</u>	<u>23.599.80</u>	<u>1.500.00</u>
		<u>9.419</u>	<u>823.468.60</u>	<u>47.877.60</u>
	<u>Alls</u>		<u>871.346.30</u>	

Skipting vinnulauna:	Dagvinna..	700.912.60
	Eftirvinna	111.093.10
	Nv.-Hdv...	8.537.90
	Ákvæðisv..	47.877.00
	Dagpen....	<u>2.925.00</u>
	<u>Alls kr.</u>	<u>871.346.30</u>

Starfsfólki úr Hálshreppi voru greiddar kr. 639.060,70.
Vilmundur Andrésón, sem hér hafði starfað frá því í desember 1961, lét nú af störfum samkvæmt eigin ósk. Skógarvörður annaðist nú verkstjórn í gróðrarstöðinni, ásamt öðrum störfum, en Vilmundur hafði séð nokkuð um verkstjórn í stöðinni síðustu árin. Ráðskona var Guðrún Jónsdóttir, Mörk.

4. G I R D I N G A R.

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, efni (staurar), eftirlit og smölun var er hér greinir:

	<u>Viðhaldskostn.</u>	<u>Staurar.</u>	<u>Eftirl.& smölum.</u>
Vaglagirðing..... kr.	7.445.00		
Þórðarstaðagirðing. -	15.025.00	1.600.00	4.971.90
Sigríðarstaðagirð.. -	1.800.00		2.718.30
Mela-og Stórhöfðag. -	10.500.00	2.240.00	3.299.20
Sandhaugagirðing... -	4.594.10	1.440.00	4.560.00
Fellsskógargirðing. -	<u>1.725.00</u>		
Alls kr.	<u>41.089.10</u>	<u>5.280.00</u>	<u>15.539.20</u>

Í Vaglaskógi var gamla gaddvírsgirðingin um gróðrarstöðina tekin upp og er sá kostnaður er af því hlaut tekinn með í viðhaldskostnaði Vaglagirðingarinnar.

Um meiri háttar ~~smá~~urbætur á Vaglagirðingunni né heldur öðrum girðingum var ekki að ræða á þessu ári. Ennþá eru kaflar á Vaglagirðingunni að sunnan, sem þarf að hækka upp. Auk þess þarf að lagfæra eða skipta um rist á aðalhlíði að sunnan, en þar hafa kindur komist upp á lag með stikla yfir.

EKKI varð komist á Þórðarstaðafjall til að lagfæra girðinguna, vegna snjóá og þleytu, svo þar verður vafalaust mikil viðhald næsta sumar.

Í Melagirðinguna var bætt 70 birkistaurum, í Sandhaugagirðinguna 45 birkistaurum og í Þórðarstaðagirðinguna 50 birkistaurum, allt 5 feta.

Eins og oft hefur verið getið áður, þyrfti að girða upp girðinguna um Mela-og Stórhöfðaskóg og þá jafnframt Skuggabjörg. Girðingin sem nú er um Mela-og Stórhöfðaskóg má heyta bráðónýt og afar dýr í viðhaldi. Sigríðarstaðagirðinguna þyrfti einng að girða upp að miklu leiti.

5. SKÓGARHÖGG.

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1970, sýnir að seldar og afhentar viðarafurðir voru að verðmæti kr. 108.116.00 og var þá búið að draga frá fragtgjöld. Þar af til eigin nota að verðmæti kr. 19.280.00.

Útistandandi hjá viðskiptam.nnum í árslok voru alls kr. 69.650.00

Vinnulaun við skógarhögg voru kr. 25.514.00 og við eldi- við og staura kr. 70.925.00, alls kr. 96.499.00

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1970.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u> <u>Samtals.</u>
Sala 1970	300	645	640	14.2	0.3	88.836.00
S. r. Vöglum		165		10.0		19.280.00
Birgðir Vöglum	100	800	700	5.0	3.0	41.500.00
" Þórðarst.				5.0		5.000.00
	400	1610	1340	34.2	3.3	154.616.00
Birgðir 1969	250	800	800	25.0	3.0	48.000.00
Högg	150	810	540	9.2	0.3	106.616.00
Tonn	0.37	3.24	3.51	9.20	0.3	16.62

Birgðir allar voru áætlaðar í árslok og væri stauraeign **Ógekarivandstafan** en of.

Fúavarðir voru um 1100 staurar.

Skógarhögg og viðarsala hefur verið í algjöru lágmarki s. l. tvö ár, enda markaður fyrir reykvíð sáralítill eftir að markaðurinn hjá K. Jónsson og Co á "kureyri lokaðist vegna þess að smásíld veiddist ekki nú í langan tíma. Nú eru hinsvegar breytingar að vanta með vaxandi veiði og gæti svo farið að markaður opnaðist á ný með vorinu.

Í Vaglaskógi var höggvið í reitum nr. 309, 323 og 324 s. hl. Var þar höggvið ofan af lerki sem gróðursett hefur verið á þessum svæðum.

Í Þórðarstaðaskógi var hreinsað nokkuð til í svonefndri Snjótungu, en þar féll mikið snjóflóð eins og áður er getið. Því verki er þó enn ekki að fullu lokið.

Í Sigríðarstaðaskógi var nokkuð höggvið ofan af eldri gróðursetningum, en lögð mest áherzla á grisjun fyrrir áframhaldandi gróðursetningu.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

a. Nývirki og umbætur.

Nývirki og umbætur voru engar á árinu.

b. Fræplöntur.

Sáning hófst 4. júní og var lokið næsta dag. Sáð var 11.20 kg. í 462 m².

Sáning tókst vel, þó með þeirri udantekningu að birki sem sáð var úti undir gler, spísaði misjafnt. Það sem sáð í gróðurhúsið var hinsvegar með ágætum.

Vöxtur í sáningum var miklu minni en á s.l. sumri, þ. e. s. því sem sáð var úti.

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 140.800 plöntur, þar af um tæplega 10 þúsund plöntur í tímavinna, annað í ákvæðsivinnu.

Nokkru færri plöntur voru dreifsettar en áætlað, vegna þess að minna var dreifsett af l/o plöntum en ráðgert hafði verið.

Dreifsetningin tókst allvel, en kalt sumar setti auðvitað sinn svip á allar plöntur í gróðrarstöðinni, nema þá helzt það sem var inni í gróðurhúsinu.

c. Hreinsun.

Tvær stúlkur unnu aðallega við hreinsun í gróðrarstöðinni. Sömu lyf og áður voru notuð gegn illgresinu. White spirit var nú notað talsvert meira en áður og tókst úðunin ágætlega. Má fyllyrða að hreinsunin hefði orðið örðug viðfangs, ef ekki hefði tekist svo vel með notkun lyfjanna.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað varð um 4% af heildarkostnaði við rekstur stöðvarinnar.

Var nú notað meira af fjalldrapa en áður, en minna af birki- limi, en fjalldrapinn þekur betur.

f. Afhending.

Afhentar voru 135.535 plöntur að verðmæti kr. 486.859.80, þar af garðplöntur fyrir kr. 16.663.00. Frá þessari upphæð má draga kr. 13.124.00, umbúðir og frægtgjöld.

Af birki voru afhentar um 17 þúsund plöntum færri en gert var ráð fyrir, þar af um 12 þúsund birki 2/o. Aftur á móti komu 4 þúsund fleiri stafafurur en áætlað.

Af plöntum til afhendingar árið 1971, má nefna 23 þúsund birki, 39 þúsund stafafurur, 52 þúsund rauðgreni og um 2 þúsund af hvoru hvítgreni og brodd-og blágreni, alls um 108 þúsund plöntur.

Að öðru leiti vísast til skýrslu um afhendingu plantna og plöntubirgðir 1970.

g. Garðplöntur.

Selt var nokkuð af garðplöntum og þá sérstaklega birki sem valið var úr skógarplöntum 2/3 og 3/3.

Gróðursett voru 20 birki 2/3 Rognan og 200 birki 2/3 Bæjarstaður í ytri-Blómsturvallareit.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

71 kg. kalksaltp.
180 - kalkammon,
106 - kalí
62 - þrífosfat,
114 - 12 - 12 - 17 - 2.

Af húsdýraáburði var ekið 22 tonnum í reitina og var áburðurinn tættur niður um leið.

1. Annað.

Sundurliðun á kostnaði við rekstur gróðrarstöðvarinnar sýnir, þegar á heildina er litið, nærri sömu niðurstöðutölur og á s. 1. ári, þrátt fyrir miklar kaophækkningar.

Munar þar eflaust mest um kaup verkstjóra, þar sem skógarvörður tók nú alveg við verkstjórninni.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar árið 1970.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar plöntur	486.859.80	
Ráðskona.....		73.591.20
Sáningar.....		43.840.00
Dreifsetning.....		56.274.00
Garðplöntur.....		2.850.00
Hirðing.....		26.911.00
Illgresiseyðing.....		103.659.50
Afhending.....		108.885.50
Jarðvinnsla.....		14.832.00
Vetrarumbúnaður.....		19.641.00
Smíðar.....		7.466.00
<u>Alls.</u>	<u>Kr. 486.859.80</u>	<u>457.950.20</u>

Skemmdir á plöntum urðu engar verulegar. Sáningar að mestu undir gleri og í gróðurhúsi.

Nokkuð sá þá á rauðgreni 3/2 og 3/3 plöntum eftir frostin í júlí og ágúst.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 22.870 plöntur og var kostnaður kr. 1.20 pr. plöntu.

Aðallega unnu 5 menn að gróðursetningunni.

Í Sigríðarstaðaskógi eru tilbúnir um 1.8 ha. til gróðursetningar.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett 25. - 30. júní, í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett í framhaldi af gróðursetningunni frá 1969, dagana 9.-18. júní og hvítgreni og lerki gróðursettu Norðmenn 14. ágúst.

Í Fellsskógi var gróðursett dagana 12. - 29. júní. Þar var gróðursett í reiti nr. 7 og 8. og byrjað að norðan. Var áður búið að gróðursetja þarna rauðgreni, en gert er ráð fyrir að fá þarna upp jólatré áður en langur tími líður.

Bíl milli plantna var 1.4 x 1.4 m.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntugj.</u>
Vaglaskógur Bergfura	2/3	Lev.	330	625
" Stafafura	2/2	Anaheim	306	2.710
" Lerki	2/2	Ark.	327	300
" Stafafura	3/3	Skagw.	207	100
				<u>3.735</u>
Fellsskógur Rauðgreni	3/4	Stjördal	500	500
" "	4/4	Vefsen Gr.	7 & 8	7.700
				<u>8.200</u>
Sigríðarsts. Hvítgreni	4/3	Cr. River		1.700
" Hvítgreni	3/3	Moose Pass		700
" Rauðgreni	4/4	Vefsen Gr.		2.810
" Stafafura	2/2	Anaheim		5.025
" Lerki	2/2	Ark.		700
				<u>10.935</u>
		<u>Alls</u>		<u>22.870</u>

Þess skal að lokum getið að gróðursettar voru 500 rauðgreni 3/4 Stjördal í land Yztafells I og II og 900 plöntur í Hólsög. rauðgreni 4/4 Vefsen Grane. Er þetta samkvæmt leigusamningi um Fellsskóg.

d. Yfirlit yfir plantanir Skógræktar. S.-Þing og fleiri.

Í Fossselsskógi var gróðursett dagana 22. - 30. júní og unnu að mestu þrír menn við gróðursetninguna. Þann 13. ágúst voru svo gróðursett 2000 rauðgreni og voru þá 11 Norðmenn að störfum.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fossselsskógur	Broddxblágreni	3/3	Sapinero	815.
"	Hvítgreni	4/3	Cr. river	1.070
"	Rauðgreni	4/4	Vefsen Gr.	10.200
"	Rauðgreni	2/3	Snása	2.000
"	Bergfura	2/3	Lev.	1.475
"	Stafafura	2/2	Hazelton	3.875
				<u>19.435</u>
Fellsskógur	Rauðgreni	4/3	Stjördal	4.320
"	"	3/3	Snása	2.000
				<u>6.320</u>
Vestmannsvatn.	Bergfura	2/3	Lev.	750
"	Stafafura	3/3	Skagway	150
				<u>900</u>
Botnsvatn og Hú.	Birki	3/0	Bæjarst.	300
"	Broddxblágreni	3/3	Sapinero	300
"	Bergfura	2/3	Lev.	1.200
"	Stafafura	2/2	Hazelton	800
				<u>2.600</u>
Végeirsstaðir	Birki	2/0	Hallormsst.	1.400
"	"	3/0	Bæjarst.	500
"	"	3/0	Skillingst.	500
				<u>2.400</u>
Hallgilsstaðir	Birki	3/0	Bæjarst.	300
"	Hvítgreni	4/3	Cr. river	50
"	Bergfura	2/3	Lev.	475
"	Stafafura	2/2	Hazletón	50
"	Lerki	2/2	Arþ.	200
				<u>1.075</u>
			<u>Alls</u>	<u>32.730</u>

Í Fossselsskógi varu 3.200 rauðgreni gróðursett í reit nr. 1 og stafafura í reit nr. 10. Var áðurúið að gróðursetja rauðgreni í reiti þessa, en gert er ráð fyrir að nota það sem jólatré síðar meir.

Bergfura var gróðursett ofan vegar, sunnan Fosssels og aðrar plöntur í framhaldi af gróðursetningu síðasta árs, þannig að fyrst kom hvítgreni, þá rauðgreni, Vefsen Gr, Brodd-og blágreni og loks rauðgreni, Snása.

Í Fossselsskógi voru grísjáðir um 7ha. í norðurhluta skógarins, í framhaldi af grísjú síðasta árs. Þarna er mjög þéttur ungskógur og ill yfirferðar.

Unnið var að áburðargjöf og bornir á 14 sk. af áburði 22-11-11.

Í ágúst unnu 15 piltar frá Vinnuskóla Húsavíkur, 30 dagsverk við að klippa frá plöntum, undir stjórn Hjartar Tryggvasonar.

Kostnaður við framkvæmdir í Fossselsskógi (viánulaun), varð kr. 98.936.30 og skiptist þannig:

Gróðursetning kr. 27.950.00, hirðing, kr. 14.452.80, grísjun fyrir gróðursetningu kr. 45.853.00 og laun ráðs-konu kr. 10.680.10.

Liðurinn hirðing felur í sér áburðargjöf, úðun og skógarhögg þar sem áður varúið að gróðursetja. Úðaðir voru um 2 ha. þar sem birkiteingur var hvað mestur.

Keyptar voru trjáplöntur fyrir kr. 36.686.10, auk þess sem S. r. lagði fram ókeypis trjáplöntur að verðmæti kr. 25.760.00

Í sambandi við trjáplöntur þar sem félaginu voru afhentar án endurgjalds, skal það tekið fram að þar einungis um að ræða rauðgreni og hefði þurft að henda mestu af því ef ekki hefði reynzt mögulegt að koma því út úr gróðrarstöðinni á s. l. sumri.

Ekki er því að leynd að meiri áherzlu verður að leggja á umhirðu plantna en áður og sé ég þar engin ráð önnur ráð en að úða gegn birkiteinungunum sem víða er að vaxa yfir plönturnar.

Senn liður að því að félagið taki að sér sölu jólatrjáa og hefi ég þar sérstaklega í huga Húsavík og þá e. t. v. einnig Grenivík. Varður það athugað fyrir næstu jól.

Þess má að lokum geta að skógarvörður sá um framkvæmdir skógræktarfélagsins í Fossselsskógi, svo og um móttöku norska skógræktarfélksons sem dvaldi hér í sýslunni dagana 9. - 15. ágúst.

8. HIRÐING.

a. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Í Vaglaskógi var hreinsað frá lerki í reitum nr. 214, 215, 326 og frá stafafurur í reit nr. 323. Einnig var nokkuð höggvið af því birki sem eftir stóð.

Einnig voru fjarlægð brotin og skemmd tré á fjölförnustu svæðunum hér í skóginum, eftir því sem tökværu á.

Í Sigríðarstaðaskógi var grisjað fyrir gróðursentingu næsta ár um 2.0 ha, það land er fyrir lerki eða furu.

Í Fellsskógi var hreinsað frá plöntum í reit 6 og 7. Þar þyrfti að minna miklu meira, en vengna veglengar héðan var reynt að fá heimamenn í Yztafelli til starfans þar í skóginum. Þar vantar nauðsynlega lítið færanlegt skýli fyrir þá sem þar vinna, til þess að matast í.

Í Ásbyrgi vann Sigurgeir Ísaksson að grisjun eftir því sem tími vannst til, en miklu meira þyrfti þar að vinna. Nú fékk hann létta og lipra Mac Culloch keðjusög til notkunar við grisjunina.

Kostnaður við hirðingu varð kr. 31.393.00, auk vinnu Sigurgeirs, kr. 15.546.00, sem var færð á útivistarsvæði.

9. VEGAGERÐ.

Engar nýjar framkvæmdir, en Vegagerð ríkisins sá um heflun vega að venju, sem var þó aðeins framkvæmd tvisvar sinnum allt sumarið, hefði þurft að vera a. m. k. hlemingi oftar. Ofaniburð vantar einnig tilfinnanlega á aðálveginn suður skóginn, sérstaklega þó frá brúnni suður að Skógarseli.

10. BYGGINGAR.

b. Viðhald og endurbætur.

Á Vöglum II voru aðeins gerðar smávægilegar endurbætur og var svo einnig um allar aðrar byggingar hér í umdæminu.

Á Þórðarstöðum var lagður jarðstrengur frá íbúðarhluta í fjárhús og geymslu. Kostuðu þær framkvæmdir um 100 krónur. Nauðsynlegt er að endurbæta húsið á Þórðarstöðum eins og um getur í síðustu starfsskýrslu. Verð slegið á frest lengur.

11. VÉLAR OG VERKFÆRI.

a. Mótórvélar.

Dráttarvélin var notuð líkt og áður, minna þó í skóginum, vegna minkandi skógarhöggs og viðarsölu.

Reksturskostnaður varð: Olíur kr. 6.796.30, varahlutir kr. 12.544.00 og viðgerðir kr. 5.833.00, alls kr. 25.173.30.

Dráttarvélin er orðin mjög slitin og væri nauðsyn að skifta um og fá nýja í staðinn fyrir þessa, sem keypt var uppgerð.

Bifreiðin B 1484 var notuð frá maí til nóvember við ýmsa flutninga vegna gróðarstöðvarinnar, skógarhöggs, gróðarstöðvarinnar og til flutninga á norska skógræktarfolkinu.

Reksturskostnaður var: Olíur og benzín kr. 31.262.40, varahlutir kr. 9.961.00, viðgerðir kr. 13.044.00, alls kr. 54.267.40

b. Vélar og verkfari.

Keðju- og kjarrsagir voru notaðar talsvert mikið. Er brýn nauðsyn að endurnýja báðar keðjusagirnar, þar sem varahlutir og viðgerðir er hvorutveggja dýrt, fyrir utan tafir sem verða þegar tekin bíla.

Keypt var ný Mac Culloch keðjusög og verður hún notuð í Ásbyrgi og staðsett þar.

12. ÝMISLEG T.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var með færra móti, enda gatti þar áhrifa verkfallsins frá í júní svo veðurfarsins.

Umgengni fólks var góð, ef undan er skilin verzlunarmannahelgin, en þá voru hér 5 - 6 þúsind manns.

Enn þá má minna á það hve nauðsynlegt er að koma upp snyrtingum með rennandi vatni fyrir ferðafólk. Þyrfti að vinna að því máli við rétta aðlila.

Borinn var tilbúinn áburður á tjaldstaði hér í skóginum svo og samkomusvæði, einnig í Ásbyrgi.

Fjarlægð voru brotin og skemmd tré eftir því sem á við fjölförnustu ferðamannaleiðirnar og hveins framkvæmd tvisvar í vikur.

Kostnaður við útivistarsvæði var kr. 63.81 af grísjun í Ásbyrgi kr. 15.566.00

b. Gestir skógræktarinnar.

Fulltrúar og gestir á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands komu hér og þáðu veitingar í boði sýslunefndar og sýslumanns Jóhanns Skaptasonar.

Í ágúst kom skógræktarstjóri hér með 18 manna hóp Norðmanna og fleiri, þar á meðal norska sendi herrann.

Í ágúst dvöldu hér einnig 11 norskir skógræktarmenn og konur.

Sigurlaug Jónsdóttir, sá um veitingar fyrir allt þetta fólk að meira eða minna leiti, alls um 130 - 140 manns.

c. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá um framkvæmdir í skóglendum skógræktarinnar, svo og um framkvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, auk gróðursetningar fyrir einkaaðila. Annaðist einnig mót-tökur norska skógræktarfólksins meðan það dvaldi hér í sýslunni 9.- 15. ágúst.

Sat stjórnarfundir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga, svo og aðalfund þess á Húsavík.

Flutti erindi og sýndi skuggamyndir fyrir Lionsklúbbinn á Grenivík.

d. Ýmislegt.

Um verzlunarmannahelgina héldu sömu aðilar og áður samkomu hér í skóginum. Þótt ekki væri hún eins fjölsótt og oft áður var umgengni ekkert betri en áður og veitir sannarlega ekki af því að leggja meiri áherzlu á þrifa-lega umgengni fólks og á ég þá alveg sérstaklega við ungl-ingana.

Í júlí hélt Héraðssamband N.-Þing. samkomu í Ásbyrgi.

Sáð var grasfræi í 6 ha. lands á Hálsmelum og voru bornir 70 sk. af áburði á það svæði og sáninguna frá í fyrra.

Takmarkið hlýtur að vera að græða upp allt ó gró ið land innan girðingar á næstu 3 - 4 árum.

Vöglum 27. janúar 1971.